



Notkun á tilfallandi lífrænum úrgangsefnum til

uppgræðslu. - ágríp af erindi á Ráðstefnu Vegagerðarinnar 3.nóv 2006 -

Inngangur

Meðferð lífræns úrgangs og afdrif hans er eitt þeirra viðfangsefna sem í dag teljast til umhverfismála. Í sjö ára gamalli tilskipun um meðferð á föstum úrgangi leggur ESB mikla áherslu á að lífrænum úrgangi sé fundin önnur afdrif en urðun. Aðstæður á suðvesturhorni Íslands (Landnámi Ingólfs), eru að flestu leyti hvetjandi til að nýta lífrænan úrgang kerfisbundið til uppgræðslu. Samtökin Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs (GFF) voru stofnuð fyrir nær 10 árum utan um þessa hugmynd. Hugmyndin er í senn einföld og gamalgróin en hægara er sagt en gert.

Almennt um lífræn úrgangsefni til uppgræðslu

Helstu kostir þess að nýta lífræn úrgangsefni til uppgræðslu eru eftirfarandi:

1. Efni sem annars væru meðhöndluð sem úrgangur fá gildisauka, þ.e. **magn úrgangs** til förgunar **minnkar**.
2. Lífræn úrgangsefni gegna a.m.k. tvíþættu hlutverki við að bæta skilyrði fyrir gróður. Þau bera með sér steinefni, **hin raunverulegu næringarefni plantna** en ekki síður lífrænar stórsameindir byggðar á efnafræði kolefnis (C) sem mynda eins konar **“innviði” jarðvegs** og gera að jarðvegurinn heldur betur, bæði raka og steinefnum.
3. **Kolefnisbúskapur** m.t.t. losunar og bindingar gróðurhúsalofttegunda **batnar verulega**.

Ókostirnir eða vandamálin eru á hinn bóginn að lífrænum úrgangi fylgir **sóðaskapur** ef kæruleysislega er með hann höndlað. Alls kyns kvikindi sækja í lífræn efni og **sóttkveikjur** kunna að eiga sér þar skjól. Oftar en ekki er þó ímyndarvandi á ferðinni. Einnig er vel þekkt að hin lífrænu efni koma oft **menguð aðskotaefnum**, svo sem plasti, gleri, málmum og þ.u.l.

Takist að leysa ofangreind vandamál á hagfelldan hátt má segja að sambúið manns og náttúru taki framförum því hér er beitt aðferð sjálfrar náttúrunnar við efnahringrás sem myndar svörð, eykur og viðheldur lífmagni gróðurs.

Pappír sem meðal til uppgræðslu

Pappír er kolefnisríkur og venjulega þurr þegar hann fellur til sem úrgangur. Til að pappír komi að gagni við uppgræðslu verður bæta upp það sem á vantar. Raki, köfnunarefni og steinefni þurfa að koma til. Ómeðhöndluð svínamykja svarar að mestu þeim þörfum.

Tvennt þarf að leysa áður en hægt er að nota pappír sem uppgræðsluefni ásamt svínamykjunni. Annars vegar þarf að finna aðferð til að blanda þessu tvennu haganlega saman. Hins vegar þarf að liggja fyrir hvort vænlegra sé að setja blönduna

Í jarðgerð áður en hún er notuð eða hvort hún er notuð hrá, þ.e.a.s. án jarðgerðar. GFF hefur reynt að svara þessum spurningum á þeim áratug sem samtökin hafa starfað.

Upp úr aldamótunum starfrækti GFF verkefnið Skil 21 sem sett var af stað m.a. í tilefni af því að Reykjavík var þá ein af menningarborgum Evrópu. Skil 21 snerist um að flokka lífrænan úrgang frá allmörgum uppsprettum og jarðgera hann með einföldum og ódýrum aðferðum. Stór hluti þess massa sem unnið var með í verkefninu var pappír og svínamykja. Pappírinn sem unnið var með var á formi símaskrárinnar sem á hverju ári er skipt út fyrir nýtt upplag og falla þá til nokkur hundruð tonn í einu á landsvísu. Blöndun fór fram í 6 eða 9 m³ steypuþromlum og náðist að þróa viðunandi verklag. Jarðgerðin fór fram undir beru lofti með s.k. múgaaðferð og moltan notuð við trjáplöntun á vegum GFF, þar sem hún hefur reynst afar vel.

Klökkinn ein eftir; Aflóga námur í Landnámi Ingólfs.

Víða eru aflóga en ófrágengnar efnisnámur á suðvesturhorninu. Námurnar eru röskuð svæði af mannavöldum og eru þ.a.l. heppilegar til að gera tilraunir með notkun lífrænna efna til uppgræðslu. Óvíða er vöntun á gróðurbærum sverði eins augljós og óvíða liggur eins beint við að nýta eiginleika hinna lífrænu úrgangsefna við að koma til gróðri.

Moltuna sem varð til í Skil 21 verkefninu hefur GFF notað undanfarin ár til uppgræðslu, m.a. í gömlu námasvæði í Sveitarfélaginu Garði á Suðurnesjum. Moltan var þar aðallega notuð sem meðlag með trjáplöntum og hefur reynst vel, á köflum framúrskarandi vel.

Spurningunni um það hvort hægt væri að spara sér jarðgerðarferlið og nota svínamykju-/pappírsblönduna beint til uppgræðslu var reynt að svara með tilraun sem GFF beitti sér fyrir með stuðningi m.a. frá Vegagerðinni árið 2005. Vettvangur þeirrar athugunar var efnisnámán í utanverðum Kollafirði.

Niðurstaða af þeirri athugun og samanburður við reynslu GFF af að nota sömu blöndu að aflokinni jarðgerð er að rétt sé að nýta jarðgerð sem hlekk í ferlinu. Helsta ástæðan er sú að hreinsivirkni jarðgerðarferlisins sé það öflug að ímyndar- og umgengnisvandi sem fylgir því að nota blönduna hráa verði að mestu úr sögunni. Með því móti er ákveðnum félagslegum og pólitískum hindrunum rutt úr vegi. Þess háttar hindranir eru, þegar upp er staðið, erfiðustu hindranirnar fyrir því að notkun á téðum efnum til uppgræðslu geti orðið að veruleika.

